

Giljaskóli
skólaárið 2013-2014

Lokaskýrsla vegna Sprotasjóðsverkefnis

Uppbygging jafnréttis/ Innleiðing jafnréttisstofnarinnar

Ingunn Sigmarsdóttir verkefnisstjóri



Nafn skóla: Giljaskóli

Nafn verkefnis: Uppbygging jafnréttis/ Innleiðing jafnréttisstoðarinnar

Verkefnisstjóri: Ingunn Sigmarsdóttir

Samningur nr: UMS-100, ár 2013

Markmið:

Markmið verkefnisins er innleiðing nýrrar aðalnámskrár þar sem jafnrétti er skilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar en grunnþættirnir eiga að vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum skóla. Áhersla er lögð á jafnrétti í víðasta skilningi þess orðs. Skólaárið 2013 -2014 var sérstök áhersla lögð á kyn, kynhneigð og fötlun.

Giljaskóli tók þátt í verkefni sem Samfélags- og mannréttindaráð Akureyrarbæjar stóð fyrir í grunnskólum bæjarins frá september 2012 og fram í febrúar 2013. Verkefnið miðaði að því að vinna gegn neikvæðum staðalmyndum í grunnskólunum og tengja þannig saman jafnréttisstefnu og forvarnarstefnu bæjarins með áherslu á fræðslu fyrir ungt fólk. Fræðslunni var ætlað að vinna gegn óæskilegum og úreltum staðalmyndum kynjanna sem þröngva tilteknum kynhlutverkum upp á börn og ungmenni. Markmiðið er að bæði stelpur og strákar fái frelsi til að njóta hæfileika sinna á eigin forsendum, óháð kyni.

Giljaskóli heldur áfram að útvíkka verkefnið sem Akureyrarbær hóf og festir jafnrétti enn frekar í sessi. Áhersla er lögð á að útvíkka jafnréttishugtakið og skólaárið 2013- 2014 var sérstaklega unnið með kyn, kynhneigð og fötlun.

Leiðir sem valdar voru:

Farið var í gegnum stefnumótun og áætlanagerð, aðgengi að valgreinum og kynjagleraugin sett upp varðandi jafnrétti á öllum sviðum. Námsgögn voru gagnrýnd og sérstaklega farið yfir bækurnar í Byrjendalæsi m.t.t. jafnréttis. Einnig farið yfir skráningar aðstandenda á Mentor listum. Hvatt til þátttöku beggja foreldra í foreldrastarfi, viðtölum o.fl.

Jafnréttisnefnd kynnti aðgerðaáætlun og fylgdist með framkvæmd í bekkjum. Kennarar kynntu sína vinnu og gerðu skil fyrir skólalok. Flestir samþættu jafnréttisvinnu við aðrar námsgreinar og gripu þau tækifæri sem gáfust. Kennarar settu inn í kennsluáætlanir jafnréttisstarf í bekkjum og gerðu skil í ársskýrslu (óbirt enn).

Kennarar í sérdeild fyrir fatlaða nemendur Giljaskóla kynntu starf, aðstöðu og nám sinna nemenda fyrir öllu starfsfólki og buðu í heimsókn. Deildin bauð einnig nemendum í 1. og 10. bekk í kynningarheimsókn. Samstarfsverkefni var unnið í 9 og 10 bekk með sérdeild í tengslum við valgrein þar sem nemendur kynntust starfi með fötluðum og þörfum þeirra.

Aðgerða-/áfallateymi skólans er með fasta aðgerðaáætlun varðandi kynbundið/kynferðislegt ofbeldi og málum er vísað þangað ef þau koma upp skv. ákveðnu verkferli frá Akureyrarbæ.



Jafnréttisdagurinn, nýr þemadagur, var haldinn í skólanum þar sem nemendur á mið- og yngsta stigi unnu þvert á bekki fjölbreytt verkefni um jafnrétti, kynhlutverk, ævintýri, staðalmyndir, klámvæðingu o.m.fl. Skemmtileg samþætting við ýmsar greinar t.d. stærðfræði. Leikin voru leikrit, klippt út úr blöðum, ljósmyndamarapön, kannanir gerðar og unnið úr þeim svo nokkur dæmi séu nefnd. Þemadagur þessi mun verða haldinn ár hvert.

Málþing í unglingsdeild, undir stjórn kennara, fjallaði m.a. um jafnrétti og skrifuðu nemendur í framhaldinu greinar um fjölbreytt málefni því tengd (klámvæðingu, kynhlutverk, sjálfsmynd o.m.fl.) í Akureyri vikublað og á heimasíðu skólans.

3. bekkur vann verkefnið *Jafnréttisland* þar sem landnámsaðferðin var notuð og afurðin höfð til sýnis á veggjum. Kynningarmyndband gert um vinnuna o.fl. efni um jafnrétti og mannréttindi og sýnt starfsfólki skólans. Almennt var talið að vel hefði tekist til með þetta skemmtilega verkefni.

Fræðslueiðsýningin *Pörupiltar* sem sett var upp í Hofi var sótt af 10. bekk en þar var mikil fræðsla um kynhneigð, heilbrigða sjálfsmynd o.fl. Einnig komu Bjarni Fritzson (2svar) og Kristín Tómasdóttir með fræðslu tengda bókum sínum *Strákar* og *Stelpur* og ræddu við unglinga um heilbrigða sjálfsmynd, unglingsár, kynhlutverk o.fl. Bækur þessar eru mikið lesnar af nemendum skólans.

Heimsókn frá Hinsegin Norðurlandi, Aflinu og Jafnréttisstofu í unglingsdeild, leiksýningin *Krakkarnir í hverfinu* var sýnd í 2. bekk. Forvarnarverkefnið *Leyndarmálið* var unnið í 3. bekk. Fræðsla um kynheilbrigði í 8. bekk og forvarnarfræðsla um kynferðislegt ofbeldi var einnig í 1. bekk. Hópurinn *Barningur* var með fræðslu í 8.-10. bekk. Einnig sóttu formaður jafnréttisnefndar og námsráðgjafi sérstakan kennarafyrirlestur hjá *Barningi*.

Fyrirlestur um kynhneigð var haldinn fyrir starfsfólk og vinna í kjölfarið undir stjórn fyrirlesara frá HA. Miklar umræður og vel heppnuð fræðsla um mikilvægt málefni.

Reynt var að fá Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur kynjafræðikennara í Borgarholtsskóla í skólann með fyrirlestur og vinnu fyrir starfsfólk en ekki tókst því miður að finna tíma á skólaárinu sem hentaði öllum viðkomandi. Til stendur að fá umrædda fræðslu Hönnu Bjargar á vorönn 2015.

Símenntun af ýmsu tagi var sótt af formanni jafnréttisnefndar og námsráðgjafa. Má þar t.d. nefna fræðsluþing Vitundarvakningar um kynbundið ofbeldi haldið í VMA, fund á Jafnréttisstofu með starfskonu Jafnréttisskólans í Reykjavík, málstofur um kynjafræði á BKNE þingi, fræðslufund um kyn og starfsval á Hótel KEA, fræðslufund um kynbundið ofbeldi haldinn í Rósenborg. Einnig fóru margir kennarar á námskeið um námsefnið *Litla kompás* sem fjallar um mannréttindi og jafnrétti, gefið út af Námsgagnastofnun.

Verkefna- og tenglabanki var uppfærður, settur á samgögn kennara og námsefni um jafnrétti kynnt. Keypt var bekkjarsett af námsbókinni *Ég, þú og við öll* sem til stendur að kynna og nota í unglingsdeild.



Námsráðgjafi hélt utan um kynningu á ýmsum störfum og þess var gætt að hafa jafnrétti í heiðri og leggja áherslu á „óhefðbundin karla- og kvennastörf“. Betur hefði mátt ganga að finna aðila til að kynna störfin.

Frávik miðað við áætlun verkefnis:

Vel gekk að standa við gerða aðgerðaáætlun en í örfáum tilfellum þurfti að fresta eða breyta verkefnum, velja aðra fyrirlesara o.fl. vegna óviðráðanlegra ástæðna.

Helstu hindranir sem upp komu:

Kennarar þurftu í einhverjum tilfellum að endurskipuleggja starf og tímaáætlanir m.t.t. þessa verkefnis. Ennþá eru margir kennarar að læra að tileinka sér kynjagleraugun, fara út fyrir gamla rammann og samþætta jafnrétti eins og unnt er inn í sem flestar námsgreinar og daglegt starf. Skort á námsefni nefndu sumir sem hindrun en úr því var ávalt reynt að bæta og m.a. leitað í smiðju annarra skóla. Sumir nefndu tímaskort og eigið óöryggi en stjórnendur og jafnréttisnefnd voru starfsfólki innan handar með ráðgjöf.

Helstu ávinningar og jákvæð atriði sem fylgdu:

Flestir eru starfsmenn skólans sammála um að nemendur hafi náð ágætlega að taka á móti þeim boðskap og gagnrýnni hugsun sem ætlunin var að innleiða með verkefninu. Sömuleiðis er starfsfólkið smám saman meira meðvitað um jafnrétti og nauðsyn þess í skólastarfi og samfélagi. Slík vitundarvakning tekur þó tíma og mikilvægt að halda henni gangandi. Samþætting jafnréttisfræðslu við sem flestar námsgreinar er komin til að vera.

Jafnréttisdagurinn er nú fastur liður á skóladagatali hjá öllum nemendum. Fyrirnefnt verkefni, *Jafnréttisland*, er hugsanlegt að þróa enn frekar, vinna í fleiri bekkjum og kynna víðar.

Samstarf við Jafnréttisstofu o.fl. fagaðila efldist enn frekar en skólinn hefur fengið ráðgjöf þaðan. Sjöundi bekkur mun fara í heimsókn á Jafnréttisstofu í vetur þar sem nemendur fá kynningu og kynna sjálfir eigin vinnu, afrakstur jafnréttisdagsins o.fl.

Formaður jafnréttisnefndar sótti hina glæsilegu ráðstefnu *Nordisk Forum* í Malmö í sumar og kom þaðan ríkari af hugmyndum, fróðleik, reynslu og stækkaði tengslanet sitt. Hafði fengið til þess styrk frá Letterstedtska sjóðnum og er kynning á efni ráðstefnunnar til starfsfólks Giljaskóla hafin. Einnig stóð til að Giljaskóli tæki þátt í samnorrænu jafnréttisverkefni *Jämställdhet i skolan*, og sótt var um styrk til NIKK en var ekki úthlutað. Með verkefninu var ætlunin að Svíar, Finnar og Íslendingar gætu lært hverjir af öðrum og styrkt jafnrétti í skólum sínum enn frekar. Áætlað er að leggja ekki árar í bát heldur sækja um aftur og koma verkefninu á laggirnar ef unnt er.

Nokkrir kennarar áætla að sækja málstofur um kynjafræði á Menntakviku HÍ í okt. 2014 til að efla enn betur eigin símenntun um jafnréttis- og kynjafræði með það fyrir augum að miðla áfram til nemenda og starfsfólks.



Mat á verkefninu skv. umsókn:

Við teljum að vel hafi tekist til og áætlað er að byggja enn frekar ofan á fyrra starf. Í ljós kom að fræðsla fyrir starfsfólk og stuðningur er geysi áriðandi og munum við halda áfram að sækja okkur símenntun um jafnrétti og styðja við starfsfólk á þeim vettvangi. Sérstök ánægja var með greinaskrif nemenda á heimasíðu og í Akureyri vikublað. Nemendur eru að okkar mati smám saman að verða meðvitaðri um jafnrétti og mannréttindi en afar áriðandi er að halda starfinu áfram og auka það. Betur hefði mátt standa að skráningu jafnréttisstarfs í bekkjum sem stundum gleymdist að segja frá. Úr því mun verða bætt. Samstarf bekkja og frumkvæði kennara hefði e.t.v. stundum mátt vera meira en fer vaxandi. Í framtíðinni verður hugað að því að efla samstarf enn frekar, t.d. með umræðufundum kennara og vinnuhópum. Gátlistum úr heftinu *Jafnrétti*, útg. af Menntamálaráðuneyti verður dreift til umsjónarkennara og fyrirhugað er að fá enn fleiri fyrirlesara til að fræða starfsfólk og nemendur um jafnrétti.

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun sem lagt var upp með er virk og uppfærð jafnóðum. Hér má finna jafnréttisáætlunina inn á heimasíðu skólans: <http://www.giljaskoli.is/is/skolinn>

Formaður jafnréttisnefndar á gott samstarf við Jafnréttisstofu og Jafnréttisskólann í Reykjavík og hefur kynnt margt í jafnréttisstarfi skólans fyrir starfsfólki stofnananna auk þess að benda á áhugaverðar verkefnahugmyndir.

Niðurstöður verkefnisins

Starfsfólk Giljaskóla er almennt sammála um að vel hafi til tekist með verkefnið og að markmiðum hafi verið náð. Meðal jákvæðra þátta sem áunnist hafa má m.a. telja: Virk aðgerðabundin jafnréttisáætlun. Markvissar en áður er unnið að jafnréttissjónarmiðum og þeim haldið á lofti gagnvart vinnubrögðum og tungumáli. Starfsfólk er vakandi fyrir jafnrétti og hvetur nemendur og samstarfsmenn til gagnrýnnar hugsunar. Umræða innan skólans um jafnrétti á breiðum grundvelli leiddi okkur enn frekar inn í umræðu og vinnu með mannréttindi og lýðræðisleg vinnubrögð. Sú vinna heldur áfram. Það kom m.a. fram þegar lýðræðislegar kosningar um efni þemadaga fóru fram innan skólans haustið 2014. Þá voru nemendur sem unnið höfðu og vinna enn með verkefnið Jafnréttisland í forystuhlutverki og höfðu yfirumsjón með framkvæmd kosninga. (Sjá myndir í viðauka 1). Þannig má segja að vinna þeirra haldi áfram í lifandi starfi. Málþing um jafnrétti o.fl. samfélagsmál hefur unnið sér sess innan skólans sem árlegur viðburður. Greinar nemenda hafa m.a. birst í fjölmiðlum. Sjá hér: <http://www.akureyri.net/frettir/2015/01/12/feminismi-i-grunnskolanum/>.

Einnig sjónvarpsviðtal við sama nemanda sem vakið hefur athygli víða: <http://www.n4.is/is/thaettir/file/ungur-feministi#.VP4PAzf7kWc.facebook>

Jafnréttisstarf innan bekkja má sjá halda áfram og lifna við m.a. í afurðum á göngum skólans þar sem afrakstur viðtala við leikskólabörn o.fl. metnaðarfullt starf birtist. (Sjá myndir í viðauka 2). Leikhópurinn Þörupiltar hefur nú í annað sinn verið með fræðslu fyrir elstu



nemendurna. Fyrir dyrum stendur að fá fyrirlestur Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur og einnig fyrirlestur Páls Óskars Hjálmtýssonar og Magnúsar Stefánssonar um samskipti í bekk, virðingu o.fl. Teljum við það góða viðbót við aðra jafnréttis- og mannréttindafræðslu og áætlum að vinna meira með samskipti kynja og einstaklinga í framhaldi af því.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Kennarar munu halda áfram að kynna eigið starf í þágu jafnréttis fyrir öðru starfsfólki skólans. Til greina kemur að kynna jafnréttisstarf Giljaskóla fyrir öðrum skólum í framtíðinni en samstarf skóla á þeim vettvangi gæti að okkar mati verið öflugt og gagnlegt. Verkefni eins og t.d. *Jafnréttisland* væri tilvalið að nota í grunnskólum. Enn hefur ekki verið formlega ákveðið hvar og hvernig slík kynning færi fram en kennarabing eða ráðstefna gæti mögulega verið vettvangur fyrir slíkt. Námsgagnastofnun hefur einnig verið boðið á kynningu verkefnisins og beðið er eftir svari.

Annað gagnlegt til upplýsingar fyrir Sprotasjóð:

Þar sem verkefnið mun halda áfram og þróast enn frekar munum við áfram þurfa að fjármagna fyrirlestra o.fl. sem áætlað er að halda í framhaldi af fyrri vinnu. Við erum þakklát fyrir stuðninginn og horfum bjartsýn fram á veg.

Ingunn Sigmarsdóttir verkefnisstjóri

